



ERINDISBRÉF

Starfshópur um skipulags- og uppbyggingarmál Þróttar og Ármanns

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík

Hlutverk:

Hlutverk starfshópsins er að annast samstarf og útfærslu verkefna Reykjavíkurborgar og Knattspyrnufélagsins Þróttar og Glímufélagsins Ármanns um framtíðaruppbyggingu íþróttamannvirkja í Laugardal á grundvelli viljayfirlýsingar aðila.

Helstu verkefni:

A) Undirbúningur og framkvæmd vegna gervigrasvalla á vegum Þróttar

- Að skoða hvernig hægt er að hraða endurnýjun gervigrass á aðalvelli Þróttar og gerð nýs gervigrasvallar á æfingasvæði Þróttar austan Laugardalsvallar.
- Skoða nýtingu á kastsvæði og þríhyrningi, í tengslum við framtíðarstaðsetningu frjálsíþróttavallar og gervigrasvalla og deiliskipulagsbreytingu.
- Að skoða nýtingu á kastsvæði með tilliti til þess að þar geti orðið grasæfingasvæði í framtíðinni.
- Að gera tillögu og undirbúa deiliskipulagsbreytingu á ofangreindum svæðum eftir þörfum.
- Ofangreindum þáttum verði lokið eigi síðar en 30. apríl 2021.

B) Undirbúningur og skipulag vegna uppbyggingar inniaðstöðu fyrir Þrótt og Ármann í Laugardal.

- Að ljúka gerð þarfagreiningar vegna íþróttahúss fyrir íþróttafélög og skóla í Laugardal og þarfagreiningu vegna Laugardalshallar.
- Að kanna grundvöll fyrir nauðsynlegar endurbætur og breytingar á Laugardalshöll og skoða aðkomuleiðir frá Laugardalshöll að keppnis- og æfingavöllum Þróttar ef Höllin á að nýtast sem íþróttahús félaganna og félagsaðstaða Þróttar.
- Að gera nýtingaráætlun fyrir æfingar í Laugardalshöll og aðra íþróttaaðstöðu sem skólar í Laugardal nýta og meta þarfagreiningu íþróttahúss m.t.t. hugsanlegrar nýtingar Laugardalshallar fyrir íþróttastarf á vegum félaganna, svo sem í handknattleik, blaki og körfuknattleik
- Að undirbúa nauðsynlegar deiliskipulagsbreytingar byggðar á hugmyndum félaganna um uppbyggingu íþróttamannvirkja í Laugardal.
- Að vinna kynningaráætlun fyrir hagsmunaaðila vegna uppbyggingarhugmyndanna.
- Að gera tillögur um samstarf við skóla og aðra aðila um nýtingu fyrirhugaðra mannvirkja.
- Að vera til ráðgjafar varðandi framkvæmdir við gervigrasvelli (fulltrúar USK, ÍTR og Þróttar)
- Að vinna með starfshópi sem vinnur að heildarskipulagi og deiliskipulagi fyrir Laugardalinn byggðu á hugmyndum félaganna um uppbyggingu íþróttamannvirkja í Laugardal svo sem nýs íþróttahúss og gervigrasvalla
- Að vinna að öðrum þáttum er tengst geta skipulags- og uppbyggingamálum félaganna í Laugardal.

Starfshópurinn skipa fulltrúar frá:

Eignaskrifstofu

Íþróttta- og tómstundasviði

Umhverfis- og skipulagssviði

Knattspyrnufélaginu Þrótti

Glímufélaginu Ármanni

Skóla- og frístundasviði

Íþróttabandalagi Reykjavíkur

Jón Valgeir Björnsson

Steinþór Einarsson

Kristjana Ósk Birgisdóttir, Ósk Soffía Valtýsdóttir

Finnbogi Hilmarsson, Kristján Kristjánsson

Jón Þór Ólason, Eiður Ottó Bjarnason

Daníel Benediktsson

Frímann Ari Ferdinandsson

Starfsmaður:

Starfsmenn eignaskrifstofu, íþróttta- og tómstundasviðs og umhverfis- og skipulagssviðs eftir atvikum og vinnu hópsins.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfisins hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.


Starfstímabil:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni niðurstöðum fyrir 1. desember 2021, en geri grein fyrir framvindu mála á starfstíma hópsins í samræmi við dagsetningar. (Starfshópurinn skipti með sér verkefnum eftir mismunandi tengingu við einstaka verkefni og félögin.)



Dagur B. Eggerðsson,
borgarstjóri

Reykjavík, 24. mars 2021.



Knattspyrnufélagið Þróttur
formaður

Glímufélagið Ármann
formaður